

Sjónlistir

1.-4. bekkur

Kennsla í sjónlistum í 1.-4. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá um list- og verkgreinar.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 4. bekkjar.

Sjónlistir

Hæfniviðmið (fyrir list- og verkgreinar)	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Nemandi getur: Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. Unnið einföld verkefni í hópi. Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans. Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín. Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. Gengi frá eftir vinnu sína. Lagt mat á eigin verk.	Ferli Leikni Hópavinna Tjáning áhrifa á umhverfið Tækni Menning í sköpun Tjáning Umgengni Sjálfsmat	Skissu- og hugmyndavinna. Valin verkefni unnin í hópum. Umræða um þau hughrif sem listaverk geta haft, hvaða tilfinningar þau vekja og úr hvaða menningu eru þau sprottin. Vekja athygli á mismunandi tækni sem beitt er við myndsköpun. Að nemendur segi frá verki sínu, bakrunni og innihaldi.	Námsefni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu og kynningu og kennslu á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun. Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi kveikju þar sem notuð er handbrúða sem kynnir viðfangsefnin, glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.